

AUGLÝSING

68

9. maí

um að út séu gefnir nýir 100 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 100 króna seðla með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og er talan tilfærð í bókstófum, svo og orðin: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928 Landsbanki Íslands. Eru þessi orð með dökkrauðum lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í rauðleitri umgerð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Sigurðssonar, en hægra megin er mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í hvítum, kringlöttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 100, er táknar gildi seðlanna; er hún með ljósrauðum lit í dökkrauðum, ferhyrndum reiti innan við umgerðina. Á framhliðina slær nokkrum purpuraroða. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlötti reitur með mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af fjársafni við Þjórsá, neðan við Gaukshöfða, í kringlöttri umgerð og eru upphafsstafir bankans, „L“ og „Í“, skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum og yzt er umgerð með skrautgreinum í, en innan við hana talan 100 í hverju horni í kringlöttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með rauðleitum lit.

Hinir eldri 100 kr. seðlar Landsbankans gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hér með almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 9. maí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

69

14. maí

um viðauka við reglugerð frá 15. marz 1935 um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Aftan við „Ákvæði um stundarsakir“ komi ný málsgrein svohljóðandi:

Meðan ekki er kostur á nægilegri mjólk, sem framleidd er samkvæmt ákvæðum VII. kafla þessarar reglugerðar, til þess að seljast ógerilsneydd, skal

- 69 Mjólkursamsölunni í Reykjavík heimilt að selja ógerilsneydda þá mjólk, sem
14. maí framleidd er samkvæmt ákvæðum VI. kafla, enda sé til þess valin 1. flokks mjólk frá sem fæstum mjólkurframleiðendum í Reykjavík og grennd, er að dómi hér- aðslæknis og dýralæknis komast næst því að fullnægja ákvæðum VII. kafla við framleiðslu mjólkurinnar. Slik mjólk skal síuð gegnum þrýstisíu, fyllt á flöskur og merkt **ógerilsneydd mjólk B.**

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 1 7. janúar 1935, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. maí 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

- 70
15. maí

REGLUGERÐ

um gerð og búnað almenningsbifreiða.

Samkvæmt lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um gerð og búnað bifreiða, er samkvæmt skoðunarvottorði rúma fleiri en 6 farþega (almenningsbifreiða):

1. gr.

Ekki má nota aðrar bifreiðar en þær, er eigandi þeirra hefir fengið vottorð skoðunarmanns bifreiða um, að séu til þess hæfar og sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglugerð þessari til öryggis og þæginda farþegum.

2. gr.

Farþegabyrgi skal vera vandlega gert úr góðu efni, nægilega sterkt, skjólgott og vatnshelt með heilum rúðum. Skal séð fyrir hæfilegri loftræstingu með því að auðvelt sé að opna rúður og loka þeim. Rúðugler öll skulu vera að minnsta kosti 5 mm. þykk og framrúða úr ógölluðu sléttslípuðu gleri. Sæti og bakbrikur skulu vera þægilega mjúk og klædd dúk, sem auðvelt er að þrifa.

Breidd sætis fyrir hvern farþega sé a. m. k. 43 cm. og sé hæfilega rúmt milli sæta. Dyr skulu vera fremst á báðum hliðum, og aðrar aftar á vinstri hlið. Í bifreiðum er rúma fleiri en 10 farþega, skulu vera varadyr á afturgaffli, ef þar er ekki sérstakur klefi fyrir flutning, en ella aftarlega í hægri hlið, og séu þær venjulega ekki notaðar. Skal tryggilega gengið frá læsingu dyra, svo að ekki sé hætt við að opnast, er bifreiðin er á ferð. Að öðru leyti skulu farþegabyrgin vera gerð í samráði við bifreiðaeftirlitið.